

Erindisbréf Starfshópur um stíga í upplandi Hafnarfjarðar

Hlutverk:

Hópurinn skal skoða núverandi aðal- og svæðisskipulag með tilliti til stíga í upplandi Hafnarfjarðar, leggja skal áherslu á stíga frá Gráhelluhrauni að Helgafelli og frá Vallarhverfi að umhverfi Hvaleyrarvatns.

Taka skal til skoðunar núverandi legu stíga en undir það falla bæði gönguleiðir, útivistarstígar og reiðleiðir.

Starfshópurinn skal gera tillögu að endurbótum á núverandi leiðum, ennfremur skal hópurinn koma með tillögu að nýjum stígum, sem stuðla að greiðara aðgengi íbúa að útivistarsvæðum.

Þessi vinna á að hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúrupplifunar og jákvæðra félagslegra samskipta í samræmi við markmið Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040.

Skipan hópsins:

Starfshópurinn skipa fimm fulltrúar, þrjár fulltrúar frá meirihluta skipaðir frá umhverfis- og framkvæmdarráði og tveir fulltrúar frá minnihluta skipaðir frá skipulags- og byggingarráði

Starfsmenn hópsins eru:

Helga Stefánsdóttir Berglind Guðmundsdóttir frá umhverfis- og skipulagssviði og aðrir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar eftir þörfum.

Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið samþykkt af umhverfis- og framkvæmdarráði og skipað hefur verið í starfshópinn. Hópurinn starfar í umboði umhverfis- og framkvæmdarráðs.

Starfshópurinn mun fá á fundi til sín hina ýmsu hópa, sem nýta núverandi stígakerfi í upplandi bæjarins.

Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi að hámarki 6 sinnum. Áætlaður kostnaður er um 798.834 kr.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir umhverfis- og framkvæmdarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis umhverfis- og framkvæmdarráðs, fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til umhverfis- og framkvæmdarráðs fyrir 1. mars 2021.

Samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdarráðs.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku